

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Eyjafjarðarsveit.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. febrúar 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 frá 26. mars 1997.

Breytingin varðar útmörk íbúðarsvæðis norðan Reykárhverfis við Hrafnagil og tengingu svæðisins við Þjóðveg 821.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 17. febrúar 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

3. mars 2000

Nr. 144

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 617/1989, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 3. mgr. 7. gr. auglýsingarinnar bætist nýr stafliður sem verður b-liður og orðast svo:

- b. Vörum sem tilgreindar eru í viðaukum IIIA og B og IVA og B við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum. Þó skal heimilt að fella niður toll ef fyrir liggur staðfesting landbúnaðarráðuneytisins á því að umrædd vara eða sambærileg vara sé ekki framleidd hér á landi.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 13. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Fjármálaráðuneytinu, 3. mars 2000.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Bergþór Magnússon.